

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, fjarlægð húsa frá mörkum lögbýla.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. september 2011 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 12. júlí 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 11. ágúst 2011.

Í breytingunni felst að setningunni „þó er heimilt að byggja nær mörkum lögbýla ef fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lands“ er bætt aftan við eftirfarandi texta í kafla 4.4.2 í greinargerð: „Að jafnaði skulu vera a.m.k. 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum landnotkunarreita“.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. september 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.